

Skýrsla stjórnar Þeistareykja ehf. fyrir tímabilið 1.1.02- 1.1.03.

Í byrjun árs var ákveðið að bora 1600-2000 m. djúpa rannsóknarholu sem jafnframt væri vinnsluhola. Í byrjun júní var hafist handa við að styrkja vegi í nágrenni Þeistareykja og að stækka borplan. Borin Sleipnir kom síðan á Þeistareyki í lok júní og hófust boranir fyrir yfirborðsfóðringum 3. júlí. Erfiðlega gekk að ganga frá efstu fóðringunum þar sem aðstæður voru erfiðar og vegna skoltaps. 18. júlí kom borin niður á yfirþrýsta æð á rúmlega 200 m dýpi sem erfitt var að hemja með þeim búnaði sem stillt var upp. Eftir miklar vangaveltur var ákveðið að auka við öryggisbúnað borsins, þannig að hægt væri að ráða við yfirþrýsting. Þessir erfiðleikar í upphafi borverks seinkuðu verkinu verulega, og var æðinni í 200 m. ekki lokað fyrir en 14 ágúst. Eftir þetta gekk borun mjög vel þar sem lítið var um æðar í holunni. Borun lauk 2. september og var dýpi þá 1953 m. Þar sem lekt í holunni í borlok var ekki nægjanleg var reynt að örva holuna með því að dæla köldu vatni í holuna og tókust þessar aðgerðir ágætlega. Strax eftir borun var ákveðið að setja holutopp og hljóðdeyfi á holuna þannig að mæla mætti afköst hennar. Holunni var síðan hleypt upp 20. október og hefur hún blásið síðan með afli sem samsvarar tæplega 6 MW raforkuframleiðslu.

Ekki liggja fyrir endanlegar niðurstöður um efnafræði og hita í holunni, en þær mælingar sem liggja fyrir segja að holan sé á bilinu 270-300°C og með mjög hreina gufu sem auðvelt er að nýta til raforkuframleiðslu og til iðnaðar.

Heildar framkvæmdakostnaður á árinu 2002 var um 160 millj. kr.

F.h stjórnar Þeistareykja ehf

Hreinn Hjartarson